



VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS  
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

## ÚTGÁFULÝSING

### ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

#### 1. kafli

#### ***Almennar upplýsingar um útgefanda:***

- 1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Olíufélagið ehf, kt. 541201-3940, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík. Ákvörðun um útgáfu skuldabréfanna var tekin á fundi stjórnar félagsins þann 11. apríl 2006.

- 1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*  
Jónas Guðbjörnsson, kt. 120362-2409. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

- 1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Olíufélagið ehf. starfar eftir lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög

## 2. kafli

### **Upplýsingar um útgáfuna:**

#### 2.1 *Hvaða reikningsstofnun annast greiðslur fyrir útgefanda, ef útgefandi er ekki sjálfur reikningsstofnun.*

Útgefandi tilkynnir til Verðbréfaskráningar þegar fyrir liggur hvort reikningsstofnun muni annast greiðslur afborgana og vaxta af skuldabréfum

#### 2.2 *Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.*

<b>Auðkenni:</b>	Esso 05 11
<b>Tegund bréfs:</b>	Vaxtagreiðslabréf (árlegar vaxtagreiðslur og greiðsla höfuðstóls+vaxta á lokagjalddaga)
<b>ISIN:</b>	IS0000012581
<b>Heildarheimild samkv. samningi:</b>	5.000.000.000 kr.
<b>Útgefið nú:</b>	3.500.000.000 kr.
<b>Nafnverðseiningar:</b>	5.000.000 kr.
<b>Útgáfudagur:</b>	10. maí 2006
<b>Lokagjalddagi:</b>	26. maí 2011
<b>Verðtrygging:</b>	Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995, til verðtryggingar með grunnviðmiðun 255,2 stig í maí 2006. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá grunnviðmiðun til gjalddaga. Skal höfuðstóll reiknaður út áður en vextir eru reiknaður. Engin hlunnindi fylgja bréfunum.
<b>Nafnvextir:</b>	Af höfuðstól skuldarinnar á hverjum tíma greiðast 6,5% vextir.
<b>Fyrsti vaxtadagur:</b>	10. maí 2006
<b>Fyrsti gjalddagi vaxta:</b>	26. maí 2007 eða næsti bankadagur þar á eftir. Vextir eru greiddir einu sinni á ári, þann 26. maí, til og með lokagjalddaga 26. maí 2011. Vextir skulu vera vaxtavextir, þar sem líður meira en eitt ár frá fyrsta vaxtadegi til fyrsta gjalddaga vaxta.
<b>Gjaldmiðill:</b>	ISK
<b>Vanskil:</b>	Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá



að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

<b>Framsal:</b>	Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila.
<b>Stimpilgjald:</b>	Olíufélagið ehf. greiðir 0,5% stimpilgjald v/skuldabréfaútgáfunnar
<b>Ágreiningsmál:</b>	Rísi mál út af skuldabréfi þessu skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.
<b>Heimild:</b>	Heildarheimild útgáfunnar er 5.000 m.kr.

*2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.*

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

*2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003 teljast bréfin til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

*2.5 Tilgreint sé inn á hvaða VS - reikning ráðstafa eigi útgefnum skuldabréfum.*

Fjárhæðinni skal ráðstafa inn á reikning á kennitölu Glitnis banka hf., 550500-3530, á hlutlausu svæðinu.

*2.6. Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.*

### 3. kafli

#### ***Upplýsingar um þá sem ábyrgjast útgáfulýsingu og endurskoðun ársreikninga:***

*3.1 Nöfn og kennitölur þeirra sem bera ábyrgð á útgáfulýsingu.*

Olíufélagið ehf., kt. 541201-3940  
Jónas Guðbjörnsson kt. 120362-2409

*3.2 Nöfn og kennitölur löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*

Deloitte hf., kt. 521098-2449.  
Þorvarður Gunnarsson, kt. 140554-2279

*gg.*

## 4. kafli


### **Fylgigögn með skráningar- eða útgáfulýsingu:**

- 4.1** Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.  
Sjá meðfylgjandi gögn.
- 4.2** Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna  
Sjá meðfylgjandi staðfestingu.
- 4.3** Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.  
Sjá meðfylgjandi kvittun
- 4.4** Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.  
Glitnir banki hf. er frumsöluaðili. Formlegur samningur milli aðila liggur ekki fyrir.
- 4.5** Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.
- 4.6** Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.


79.

Reykjavík 10. maí 2006,


F.h. útgefanda  
Olíufélagið ehf.

  
\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:


  
\_\_\_\_\_

Nafn, kt.

  
\_\_\_\_\_

Nafn, kt.

f.h. Umsjónaraðila Glitnis banka hf.

  
\_\_\_\_\_